

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingarstöð sf. Helguvík, Berghólabraut



|                     |                            |                         |                            |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 10.12.2025                 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Margrét Viðarsdóttir |
| Fyrirtæki           | Kalka sorpeýðingarstöð sf. | Eftirlitsmaður          | Halla Margrét Viðarsdóttir |
| Heimili             | Berghólabraut 7            | Tegund eftirlits        | Reglubundið                |
| Kennitala           | 5312780469                 | Flokkur                 | Úrgangur og efnamóttaka    |
| Fulltrúi fyrirtækis | Steinþór Þórðarson         | ÍSAT nr.                | 38.21.0,38.22.0            |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ingpór Karlsson            | Staðsetning             | 325484,211 396471,342      |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit hjá rekstraraðila.  
Engar ábendingar eru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í móttöku-, flokkunar- og brennslustöðina Kólku sorpeýðingarstöð sf. í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var upphaflega gefið út þann 21. september 2016. Starfsleyfi var síðast uppfært þann 18. janúar 2021 að undanskilinni minniháttar breytingu árið 2024. Gildistími starfsleyfisins er til 21. september 2032.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Stutt kynning frá rekstraraðila
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og tryggingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Mengunarvarnabúnaður og önnur mál
- Skoðunarferð um starfsstöðina

1. Rekstraraðili kynnti fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Kólku og á verkefnum og áformum sem hafin eru. Kom fram að áformað er að byggja upp og stækka móttökuaðstöðu fyrir rekstrarúrgang á lóð rekstraraðila. Fjöldi úrgangsflokka sem tekið er við hefur aukist verulega, einkum vegna aukinnar áherslu á endurnýtingu úrgangsefna. Jafnframt hefur nýjum búnaði verið bætt við. Kalka hefur selt það húsnæði sem áður var nýtt til geymslu á svífösku þar sem stendur til að geyma hana í nýju húsnæði á lóð rekstraraðila. Svífaska flokkast sem spilliefni sbr. úrgangskóðun í rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Í kjölfarið er því svífaskan ekki geymd í húsnæði í samræmi við starfsleyfi. Umhverfis- og orkustofnun var ekki tilkynnt um þessa breytingu áður en ákvörðunin var tekin. Þar sem svífaskan flokkast sem spilliefni og geymsla hennar heyrir undir sérákvæði í starfsleyfi og er bundin við tiltekna staðsetningu í samræmi við starfsleyfi telst þetta sem frávík frá skilyrðum leyfisins.

2. Engin útistandandi frávík voru til staðar þegar eftirlit var boðað.

3. Farið var yfir kröfur starfsleyfis sem gilda um starfsemi Kólku. Gerð var minni háttar breyting á starfsleyfi fyrirtækisins þann 22. ágúst 2024, þar sem heimildir til móttöku á sóttmengaðum úrgangi og spilliefnum voru auknar, án þess að heildarumfang leyfisins breyttist. Rekstraraðili starfar innan þeirra móttökuheimilda sem starfsleyfið kveður á um.

4. Rekstraraðili skilaði inn fullnægjandi skráningum þann 11. apríl 2025. Í niðurstöðum árlegra útblástursmælinga úr reykháfi frá Verkís mælist köfnunarefnisoxíð (NOx, reiknað sem NO2) um 476 mg/Nm3 (m.v. staðlaðar forsendur). Losunarmörk í starfsleyfi fyrir NO2 sbr. gr. 5.4 eru 400 mg/Nm3 og því frávík. Fjallað var um mögulegar lausnir á þessu og bent á að í samfelldum mælingum ársins 2024 fóru engin losunarefni í útblæstri yfir losunarmörk fyrir daglegt meðalgildi.

5. Viðeigandi áætlanir lágu fyrir við eftirlit til samræmis við starfsleyfi. Áætlanir eru endurskoðaðar með reglulegum hætti. Rekstraraðili lagði fram ábyrgðartryggingu í gildi við eftirlit. Rekstraraðili setur sér

umhverfismarkmið árlega. Meðhöndlun efna og öryggisblöð eru lagi og til staðar. Rekstraraðili fór yfir hvernig verkstjórn er háttað og mönnun á starfsstöð. Rekstraraðili gætir að fyrirbyggjandi viðhaldi á búnaði.

6. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá fyrri stöðu, þar sem viðmið er um árlegt eftirlit.

7. Með fundarboði eftirlits fylgdu nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur ásamt kynningu á breyttu fyrirkomulagi á eftirlitum frá stofnuninni. Má benda á að einnig hefur orðið breyting á fyrirkomulagi vegna skila á umhverfisupplýsingum en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um ústreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025.

8. Óskað var eftir afstöðumynd og tæknilegri lýsingu á þeim búnaði sem er til staðar í Kólku sem rekstraraðili skilaði inn eftir eftirlit.

9. Farið var í gegnum starfsstöðina, hún skoðuð og farið ýtarlega í gegnum brennsluferlið, búnað og innri vöktun rekstraraðila. Engar athugasemdir eru lagðar fram.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 1.1 í starfsleyfi:

Öll meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinnar er bundin við staðsetningar og heimilisföng sem koma fram í starfsleyfi. Geymsla svifösku sem er brennsluleif starfseminnar og spilliefni er geymt utan þess heimilisfangs sem skilgreint er í starfsleyfi.

gr. 1.4 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær. Á grundvelli þeirra upplýsinga metur stofnunin hvort þörf sé á að breyta starfsleyfi. Rekstraraðila ljáðist að tilkynna um breytingar á geymslufyrirkomulagi svifösku til stofnunarinnar, sem áður var geymd að Fitjabraut 10, en hefur nú verið færð yfir á aðra staðsetningu.

gr. 5.4 í starfsleyfi:

Í niðurstöðum árlegra útblástursmælinga úr reykháfi frá Verkís mælist köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>, reiknað sem NO<sub>2</sub>) um 476 mg/Nm<sup>3</sup> (m.v. staðlaðar forsendur). Losunarmörk í starfsleyfi fyrir NO<sub>2</sub> , eru 400 mg/Nm<sup>3</sup>.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

  
Halla Margrét Viðarsdóttir